

Á glapstigum.

Það mætti segja um þá menn, sem viljandi eða óviljandi hröklast út af sínu eigin starfssviði og lenda inn á annara og taka þar að ráðsmenskast — öðrum til skapraunar og sjálfum sér til háðungar, — að þeir séu á glapstigum. Þetta mun þó sjaldan henda góða og rétt-hugsandi menn.

Það er því sorglegra, að einmitt þetta skyldi henda hreppsnefndina okkar 9. þ. m. þegar hún hafði til umræðu greinina »Kolaúthlutunin« sem prentuð var í síðasta töl. þessa blaðs, því greinilegar hefir enginn maður á glapstigum lent, en hreppsnefndin þar. Oddviti lagði fram tillögu í málinu sem hann hafði haft með sér á fundinn, og mælti fast fram með að hún yrði samþykkt. Eftir allsvæsnar umræður hefnadist oddviti að fá þrjá meðlimi samkundunnar til þess, ásamt sér, að samþykkja tillöguna, og var hún samdægurs send oss og þess krafist að hún væri birt í blaðinu.

Vér eru í engum vafa um að hreppsnefndin hefir eingan rétt til að krefjast að slík yfirlýsing, sem sú er hún sendir oss, sé birt í blaðinu, þar eð hún inniheldur aðeins: 1. afskipti af ritstjórn blaðsins sem henni kemur ekkert við, 2. illyrkt og alveg órókstudd stóryrði um greinina og greinarhöf., sem á engan hátt leiðrétt eða upplýsa sjálft málið, og 3. tilkynning um málssókn, sem blaðinu auðvitað ber engin skylda að flytja — nema þá sem auglýsingu og þá fyrir borgun. En samt sem áður prentum vér hér bréf nefndarinnar orðrétt, og hljóðar það svo: »Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps skorar hér með á ritstjórn blaðsins Fram, að taka eftirfylgjandi yfirlýsingu upp í 1. eða 2.*) tölubl. blaðsins, en hún var samþykkt á hreppsnefndarfundum í dag:

Hreppsnefndin lýsir megnri óánægju sinni yfir ritstjórn blaðsins Fram, sérstaklega þeim ritstjórnunum, sem sæti á í nefndinni, að í síðasta blað skyldi vera tekin svæsin árásgrein á hreppsnefndina í heild sinni og nafngreinda meðlimi hennar, mestmegnis byggð

á vanþekkingu, illgirni og ósannindum, og það athugasemdalaust af honum, sem þó var vorkunnarlaust að vita hið rétta.

Hreppsnefndin ákveðurennfremur að hefja málssókn gegn ritstjórn blaðsins út af greininni, sérstaklega að því er snertir kolaúthlutunina.«

Siglufríði 9. marz 1918.

Fyrir hönd hreppsnefndar.

B. Þorsteinsson.

oddviti.»

Eins og öllum hér á Siglufríði mun vera kunnugt — og sjálfsagt mörgum fleirum, — er þetta blað gefið út af »Prentsmiðjufélagi Siglufríðar« og ritstjórnir því ráðnir hjá stjórn þessa félags. Oss kom því meira en á óvart að sjá, að hreppsnefndin fer að skifta sér af ritstjórninni, rétt eins og hún væri einhver yfirstjórn, sem oss bæri að hlýða. Vér sendum því stjórn Prentsmiðjufélagsins framan ritað bréf nefndarinnar til umsagnar, og fer hér á eftir svar hennar:

»Út af framangreindri yfirlýsingu hreppsnefndarinnar, vill stjórn Prentsmiðjufélags Siglufríðar — þess félags, sem einnig er eigandi og útgefandi blaðsins Fram — taka þetta fram:

1. Að hún telur hreppsnefnd Hvanneyrarhr. óheimil öll afskipti af ritstjórn blaðsins »Fram.«
2. Að ritstjórn blaðsins »Fram« hafa fulla heimild til að taka þær greinar í blaðið sem ekki koma í bága við lög félagsins.
3. Að öðruleyti getur stjórnin ekki tekið neina afstöðu gagnvart greininni »Kolaúthlutunin« fyr en hreppsnefndin hefir gefið rökstutt svar gegn henni.

Siglufríði 11. marz 1918.

Í stjórn og varastj. Prentsmiðjufélags Siglufríðar.
Þormóður Eyólfsson. Ole O. Tynes.
Helgi Hafliðason. Kjartan Jónsson. Sophus A. Blöndal.»

Á þessu svari stjórnarinnar getur hreppsnefndin séð, að hún hefir sleit sér fram í mál, sem henni kemur ekkert við, þar sem hún leyfir sér að dæma framkomu ritstjórnanna. Hefði henni verið sámtara að svara áminstri grein, ef hún er fær um, og óneitanlega skartar það illa á öllum þeim er opinber störf hafa með höndum, að stökkva upp á nef sér, þó fundið sé að gjörðum

þeirra. Álitum vér hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps, með þeirri virðingu fyrir henni er henni ber, als ekki skipaða betri mönnum en þeim er með hógværd hafa tekið aðfinnslum, hrakið þær með rökum ef ástæður hafa verið til, eða þá bætt úr þeim yfirsjónum er aðfinnslurnar hafa fjallað um.

Að því er snertir greinina »Kolaúthlutunin«, þá mun það að líkindum á sínum tíma sannast, hvort hún fer með rétt eða rangt mál, hún er óhrakin enn.

Siglufríður

nú, og í framtíðinni.

—o—

Niðurl.

Slip og vélsmíðaverkstæði verður að byggja innan við hafnarbyggjuna; mun það vera langheppilegasti staðurinn, þegar á alt er litið. Að minsta kosti svarar landslag til þess, sem litið er á í útlöndum, þegar slíkum stofnunum er komið á fót. Er sjálfsagt að taka sér það til fyrirmyndar. Fyrirtæki þetta verður að sjálfsgöðu hlutafélag, og er það mitt álit að það fyrirtæki verði einn af hornsteinunum undir framtíð Siglufríðar. Sönnun fyrir því er, að Siglufríður, ef svo mætti að orði kveða, lifir á sjónum, verður hann því að auka skipastól sinn, bæði að fjölda, og einnig að því er snertir stærð og hentugan útbúnað skipa, svo hægt sé að standa þeim á spordi sem sækja veiðar á sömu stöðvar, en eins og nú standa sakir, er þetta erfitt, því strax og um nokkuð stærri skip er að ræða, verður að fara með þau annað hvort til Reykjavíkur, eða annara landa, til eftirlits og aðgerða, hversu litið sem að þeim er.

Annad má einnig hafa hugfast, og það er, að þetta fyrirtæki myndi auka mjög atvinnu hér í Siglufríði, og um leið verslun og viðskipti, má gera ráð fyrir að slippurinn yrði mjög notaður af útlöndum skipum, er þá öllum ljóst hve mikla peninga það drægi til Siglufríðar.

Í sambandi við þetta má benda á, að áður en mjög langt líður mun mikill hluti af selveiðaskipum Norðmanna hafa stöðvar sínar hér, en á meðan þau þurfa heim til viðgjörða, má naumast búast við að þetta verði. Komist slippurinn aftur á móti fljót-

lega upp, þá mun hitt ekki lengi láta bíða eftir sér.

Um stærð slíppsins má taka það fram, að hann þarf að vera svo stór að hann geti tekið upp botnvörpunga og minni flutningaskip. Að byggja hann svo stóran strax, mun skynsamlegast og framtíðarvænlegast.

Að því er snertir útbúnað slíppsins sjálfs, vagna og annara áhalda til uppdráttar skipa, þá er ekki gott að ákveða það nú. Miklar breytingar til framfara hafa orðið í þá átt á síðustu árum, og geta orðið enn þar til hann yrði settur upp hér, virðist því nægur tími til að taka ákveðnar ráðstafanir í þá átt, þegar öðrum útbúnaði er lokið.

Rekafull til slíppsins má ef til vill gera ráð fyrir að fáist frá rafmagns-afstöð þeirri, sem minnst er á fyr í þessari grein, annars má nota bæði gufuafl og mótör, og að því er snertir byggingarsvæði fyrir verkstæði og slippinn sjálfan, þá mun það vera nógu stórt á hinum fyrnefnda stað.

Þá kemur til greina þýðingar mikil að atriði, og það er efni — grjótt — til slíppsins og hafnarbyggjunnar. Til slíppsins þarf að vísu ekki mjög mikið, en í því stærri stíl til hafnarbyggjunnar. Vil eg benda á hvernig eg hefi hugsað mér tilhögun með aðflutning á grjóti.

Eftir því sem ástæður eru, virðist hentugast að taka grjótt til þessara fyrirhuguðu bygginga í bökkunum fyrir utan Bakka, yrði þá sjálfsagt að leggja þaðan járnbraut, og niður að vinnustaðnum. Að taka grjótt hinumegin fjarðarinnar, sem að vísu er ekki ókleyft, álit eg svo mörgum erfiðleikum bundið, bæði að því er snertir veður og vind, og svo má einnig taka háfis með í reikninginn, að tæplega er ráðlegt að hyggja á þá aðferð með grjóttflutning.

Sé grjóttid aftur á móti tekið fyrir utan Bakka, má vinna að því bæði nótt og dag langan tíma ársins. Enn er eitt, sem taka má til greina, og það er, að grjóttprammar og lyftivindur sem þyrftu við grjóttflutning frá austurlöndunum, yrðu mun dýrari en járnbrautin frá Bakka.

Þegar svo byggingu hafnarbyggjuna og slípps væri lokið, ætji bærinn að kaupa járnbrautina. Ennfremur grjóttmölunarvél, sem mylur grjótt hæfilega smátt til steypu, og selja svo mulninginn. Á þann hátt fengju bæ-

*) Vér biðjum hina heiðruðu hreppsnefnd að virða ekki á verri veg, þótt vér birtum þessa yfirlýsingu í 8. töl. blaðsins, þar eð 1. og 2. töl. kemur ekki út fyrir en væntanlega í janúar 1919.